



TILLAGA - BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
LANGANESBYGGÐAR 2007-2027
EFNISTÖKUSVÆÐI

29 NÓVEMBER 2018

Efnisyfirlit

1	SKIPULAGSVERKEFNIÐ	2
1.1	FORSENDUR	2
1.2	SKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	2
1.3	MARKMIÐ.....	3
2	BREYTING Á STAÐFESTU AÐALSKIPULAGI 2007-2027	4
2.1	TILLAGA AÐ BREYTINGU – NÝ EFNISTÖKUSVÆÐI	4
2.2	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.2.2	Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027	6
3	UMHVERFISSKÝRSLA	10
4	FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA	12
4.1	SAMRÁÐ OG KYNNINGAR	12
4.2	UMSAGNIR	12
4.3	TÍMAÁÆTLUN.....	15
5	UMSAGNIR	16

1 SKIPULAGSVERKEFNIÐ

1.1 FORSENDUR

Skipulagsbreytingin er í samræmi við Skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Um er að ræða tillögu að breytingu á staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna óska Vegagerðarinnar um fjölgun efnisnáma í sveitarfélaginu vegna viðhalds og uppbyggingar vega innan sveitarfélagsins.


Í núverandi staðfestu aðalskipulagi eru ekki skilgreind nægileg eða fullnægjandi efnistökusvæði til uppbyggingar ásættanlegs samgöngukerfis innan sveitarfélagsins.

1.2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ


Skipulagssvæðið er í dreifbýli sveitarfélagsins Langanesbyggðar og nær því eingöngu til sveitarfélags uppdráttar staðfests aðalskipulags.

Um er að ræða fimm efnisnámur á áður röskuðum svæðum sem staðsettar eru á eftirfarandi stöðum, sjá einnig á eftirfarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi og yfirlitsmynd:

- N12 – Austan Hölnárn
- N13 – Miðfjörður 2
- N14 – Miðfjörður 1
- N15 – Saurbæjarháls
- N16 – Sauðanesháls



Mynd 1. Tillaga - Breyting á gildandi aðalskipulagi Langanesbyggðar.



Breyting á aðalskipulagi

Mkv. 1:100.000

Mynd 2. Tillaga - Breyting á gildandi aðalskipulag Langanesbyggðar, staðsetning náma. Efnisnámur sem tillaga er að bæta inná aðalskipulag með breytingu þessari eru merktar með rauðum stöfum á uppdrættinum, N12-N16, til frekara auðkennis á tillögustigi.

1.3 MARKMIÐ

Markmið breytingarinnar er að koma til móts við óskir Vegagerðarinnar til að bæta aðgang að efni til viðhalds og uppbyggingar vega í sveitarfélaginu þar sem núverandi efnistökusvæði eru ekki talin fullnægjandi.

Afar mikil þörf er á að bæta vegasamgöngur innan sveitarfélagsins og því mikilvægt að fullnægjandi efnisnámur séu til staðar til að mæta þeim þörfum sem Vegagerðin hefur þar um. Því þarf að breyta staðfestu aðalskipulagi til fjölgunar opinna efnisnáma innan sveitarfélagsins.

2 BREYTING Á STAÐFESTU AÐALSKIPULAGI 2007-2027

2.1 TILLAGA AÐ BREYTINGU – NÝ EFNISTÖKUSVÆÐI

Tillagan gerir ráð fyrir að bætt verði inn fimm efnistökusvæðum á sveitarfélagsupphætt aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 samkvæmt beiðni og eftirfarandi skilgreiningu frá Vegagerðinni vegna uppbyggingar og viðhalds vega í sveitarfélaginu.

Náma	Nafn	Staðsetning	Fastnr.	Vegnr.	Hnit	Jarðmyndun	Efnisgerð	Áætluð nýting	Flatarmál (m ²) gróft mat	Magnáætlun (m ³) gróft mat	Athugasemdir
N12	Austan við Hölkná	Melur staðsettur austan við Hölkná (rétt við tóftir að Grísakoti).	20669	85-34	688576.95,616950.09	Forn strandlína	Möl	Fylling, styrktarlag og burðarlag	20.000	30.000	Opin
N13	Miðfjörður 2	Fornir sjávarbakkar austan til í Lagnetsvík	20144	85-33	677721.95,621153.3	Forn sjávarkambur	Möl	Fyllingarefni	10.000	20.000	Opin
N14	Miðfjörður 1	Hjalli um 0,4 km til suðurs frá afleggjaranum að Miðfjarðarbæjunum í Lagnetsvík	20143	85-33	676716.13,620747.6	Forn sjávarkambur	Möl	Burðarlag og klæðing	10.000	30.000	Opin
N15	Saurbæjarháls	Jökulruðningsmelar um 1,5 km suðaustur frá Finnaþjóðará	22714	85-32	673147,626955	Jökulruðningur, botn- og leysingarruðningur	Jökulruðningur	Fyllingarefni	22.000	35.000	Opin
N16	Sauðanesháls	Jökulruðningsmelar um 1,4 km suður frá bænum Sauðanesi.	19934	869-04	667473.80,642571.9	Jökulruðningur, botn- og leysingarruðningur	Jökulruðningur	Malarslittlag	15.000	20.000	Opin

Taflan að ofan sýnir nákvæmari staðsetningar nýrra efnistökusvæða, eðli, umfang og áætlað magn sem fyrirhugað er að vinna.

Flatarmál svæðanna í heild er áætlað um 77.000 m². Áætlað magn efnistöku er 135.000 m³.

Í aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 eru svæðin sem nýju efnistökusvæðin falla inná skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Engin tún eða ræktarland fellur undir breytinguna. Umfang efnistökusvæða er ekki talið hafa neikvæð áhrif á landbúnað. Farið verður fram á lausn svæðanna úr landbúnaðarnotum frá landbúnaðarráðherra í samræmi við lög þar um fyrir staðfestingu breytingar þessarar.

Öll svæðin sem breytingin tekur til hafa áður verið notuð til efnistöku og eru þegar röskuð og náttúruleg gróðurþekja þegar rofin. Umhverfisleg og náttúrufarsleg áhrif efnistöku eru því talin óveruleg.


Gert er ráð fyrir að námurnar verði opnar á skipulagstímabilinu og nýttar vegna nýframkvæmda og viðhalds vega í sveitarfélaginu um ófyrirsjáanlegan tíma.

Vandað verði til allrar umgengni og frágangs, þ.m.t. rof gróðurþekju, til að lánmarka neikvæð áhrif.

Samfélagsleg jákvæð áhrif eru talin veruleg þar sem samgöngur eru forsenda jákvæðrar byggðapróunnar í sveitarfélaginu.

Engar þekktar minjar eru á eða nærri nýju efnistökusvæðunum N13-16 en þekktar minjar eru nærri efnistökusvæði austan Hölknár merkt N12, merkt E1 á eftirfarandi mynd. Samráð hefur verið haft við Minjavörð vegna þess og ekki talið að hætta sé á raski minja við efnistöku eins og hún er skilgreind af Vegagerðinni enda verði sérstaklega gætt að umgengni og umferð um svæðið.

Viðeigandi töflur í greinargerð og umhverfismati gildandi aðalskipulags hafa verið uppfærðar, samanber ábendingar Skipulagsstofnunar.



Mynd 3. Afstaða á milli þekktra fornleifa og áætlaðs námusvæðis, á mynd merkt E1, merkt á tillögu að breyttu aðalskipulagi N12. Gætt verði að því sérstaklega að lámarka rask.



Kort 33 Efnisáumur og urðunarsvæði í sveitarfélaginu

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 | 135

Mynd 4. Efnistökusvæði og urðunarsvæði í Langanesbyggð. Uppfærð tafla úr aðalskipulagi.

2.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í gildi fyrir svæðið er aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.

Engin deiliskipulög eru í gildi á þeim svæðum sem aðalskipulagsbreytingin tekur til.

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í gildi er Landsskipulagsstefna 2015-2026, samþykkt á Alþingi 2016, til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga.

Markmið skipulagsbreytingarinnar í Langanesbyggð er bættar og öruggari samgöngur innan sveitarfélagsins.

Skipulagið er því í fullu samræmi við markmið í 2. Kafli Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þá sérstaklega greinar: 2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli; 2.4 Ferðapjónusta í sátt við náttúru og umhverfi; 2.6 Sjálfbærar samgöngur og undirkaflana 2.6.1 Samgöngur innan vinnusóknarsvæða - *Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi* - og 2.6.2 Ferðamannaleiðir.

2.2.2 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Í gildi er aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.

Úr staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar:

Við skipulagið er lagt til grundvallar að mikil uppbygging verði í Finnafirði á sviði olíu- og gasvinnslu. Mikil íbúafjölgun tengd uppbyggingunni verði því í sveitarfélaginu.

Lögd er sérstök áhersla á bættar samgöngur, uppbyggingu iðnaðar- og hafnarsvæða, umhverfismál, útivist, ferðapjónustu og umferðaröryggi.

Framtíðarsýn

Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið fjölskylduvænt sveitarfélag sem státar af góðum samgöngum á milli þéttbýlanna tveggja, öflugu atvinnulífi, fjölbreyttu mannlífi og umhverfi smeðvitund íbúa.

Uppbygging samgöngukerfa að/frá og á milli þéttbýliskjarnanna, sem og innan þeirra mun auka samkeppnishæfni sveitarfélagsins. Með þéttri byggð í byggðakjörnunum og stuttum vegalengdum í þjónustu og vinnu má skapa heilsteipt vistvænt samfélag.

Ný sóknarfæri í atvinnubrúun, sérstaklega á sviði ferðapjónustu, iðnaðar og hafnsækinnar starfsemi geta skapast í framtíðinni með góðum samgöngum og aðgengilegum höfnum.

Í smærri byggðakjörnum á landsbyggðinni, líkt og Þórshöfn og Bakkafirði, er mikilvægt að góðar samgöngur séu til staðar þar sem oft þarf að sækja þjónustu út fyrir sveitarfélagið. Kröfur um umferðaröryggi og áreiðanlegar samgönguleiðir eru því baráttumál sveitarstjórnar.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnu og framtíðarsýn í staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar.

2.2.2.1 STEFNUMIÐ - SAMGÖNGUR

Í smærri byggðakjörnum á landsbyggðinni, líkt og Þórshöfn og Bakkafirði, er mikilvægt að góðar samgöngur séu til staðar þar sem oft þarf að sækja þjónustu út fyrir sveitarfélagið. Kröfur um umferðaröryggi og áreiðanlegar samgönguleiðir eru því baráttumál sveitarstjórnar.

Stefnumið

Að bjóða uppá góðar og öruggar vegasamgöngur til/frá og innan sveitarfélagsins, allt árið.

Leiðir að stefnumiðum

Vegir verði klæddir bundnu slitlagi a.m.k. milli þéttbýlisstaða þ.e. Raufarhafnar, Þórshafnar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðar.

Almenn stefnumið aðalskipulagsins um samgöngur, s.s. bættar samgöngur til og frá sveitarfélaginu, styðja umhverfisviðmið þátta sem tengjast samfélagi, heilsu og vellíðan og byggð og efnislegum verðmætum.

Áhrif sömu stefnumiða á náttúrufer er neikvæð þar sem ný vegagerð mun alltaf skerða gróðurlendi en þó óveruleg þar sem um er að ræða þegar röskuð svæði og því að gerð er krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu framkvæmdaraðila.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnumið um samgöngur í staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar.

2.2.2.2 STEFNUMIÐ - EFNISTÖKUSVÆÐI

Vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í framtíðinni er nauðsynlegt að vinna efni úr náttúrunni.

Stefnumið

Að góð umgengni verði viðhöfð á efnistökusvæðum.

Að gengið verði vel frá þeim efnistökusvæðum sem eru fullnýtt eða ekki er fyrirhugað að nýta næstu 3 ár.

Leiðir að stefnumiðum

Allar framkvæmdir við efnistöku skulu unnar í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 60/2013, m.s.br. um nám jarðefna.

Allar framkvæmdir vegna efnistöku eða haugsetningar minna en 25.000 m² eða 50.000 m³ eru tilkynningarskyldar til sveitarfélagsins samkvæmt tölulið 2.04 í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnumið um efnistökusvæði í staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar.

2.2.2.3 STEFNUMIÐ - LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Svæðin sem skipulagsbreytingin tekur til eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

Stefnumið

Í Langanesbyggð skal landbúnaði tryggt nægilegt rými fyrir starfsemi sína.

Leiðir að stefnumiðum

Meirihluti sveitarfélagsins er skilgreindur með landnotkun landbúnaður.

Bættar samgöngur munu bæta búsetuskilyrði á landbúnaðarsvæðum í Langanesbyggð og áhrif þeirra því jákvæð á landbúnað.

Svæðin sem breytingin tekur til eru þegar röskuð, stærð þeirra óveruleg í samræmi við stærð beitarlands í sveitarfélaginu, og neikvæð áhrif á landbúnað því talin afar óveruleg.

Svæðin verða tekin úr landbúnaðarnotum fyrir gildistöku skipulagsbreytingarinnar.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði					
Nr.	Stærð	Magn	Svæði	Lýsing	Skipulagsstaða
Dreifibýli					
N1	3 ha	45.000 m ³	Gunnólfsvíkunáma	Setnáma	Ekki búið að opna
N2	2 ha	30.000 m ³	Finnafjarðarnáma	Setnáma	Frágengin en leyfi til að opna
N3	1,2-1,4 ha	18.000-21.000 m ³	Hlíðarnáma	Setnáma	Í notkun
N4	1,3 ha	19.500 m ³	Heiði	Setnáma	Í notkun
N5	1,8 ha	27.000 m ³	Rauðabrekka	Set- og klapparnáma	Í notkun
N6	2,4 ha	36.000 m ³	Laxamór	Setnáma	Í notkun
N7	-	-	Heiðarfjall	Bruni	Í notkun
N12	2 ha	30.000 m ³	Austan við Hölná	Setnáma	Opin
N13	1 ha	20.000 m ³	Miðfjörður 2	Setnáma	Opin
N14	1 ha	30.000 m ³	Miðfjörður 1	Setnáma	Opin
N15	2.2 ha	35.000 m ³	Saurbæjarháls	Setnáma	Opin
N16	1.5 ha	20.000 m ³	Sauðanesháls	Setnáma	Opin
Þórshöfn					
N8	4 ha	20.000 m ³	Hálsnáma	Grjótnáma til brimvarnargerðar	Verði lokað á skipulagstímabilinu
U1	-	-	ofan byggðar	Sorpurðunarsvæði	Aflagt
Bakkafjörður					
N9	0,6 ha	9.000 m ³	Bakki	Setnáma	Frágengin með haug
N10	0,8 ha	16.000 m ³	náma við Bakkafjarðarhöfn	Grjótnáma	Í notkun
N11	1,3 ha	19.500 m ³	norðaustan byggðar	Setnáma	Í notkun
U2	15 ha	22.500 m ³	norðaustan byggðar	Sorpurðunarsvæði	Í notkun
I1	-	-	á gömlu höfninni	Hreinsi- og dælustöð	Óbyggt

Landfyllingar				
	Stærð	Staðsetning	Landnotkun	Matsskylda
Dreifibýli				
	óákveðið	í Gunnólfsvík	Athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði	-
Þórshöfn				
	9,8 ha	sunnan núv. brimvarnargarða	Hafnarsvæði	Tilkynningarskyld
	0,4 ha	austan við núv. hafnarsvæði	Hafnarsvæði og miðsvæði	Nei
Bakkafjörður				
	0,8 ha	sunnan núv. brimvarnargarða	Hafnarsvæði	Nei

Í landnotkunartöflu á bls 177 í staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, undir kaflanum Ítarefni, eru námur og eðli þeirra tilgreind sérstaklega. Taflan hefur verið uppfærð.

3 UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfismat breytingarinnar er sett fram í samræmi við gr. 4.4.1 í skipulagsreglugerð.

Breyting á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 er ekki háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem stæð efnistökusvæða, umfang þeirra eða staðsetning fellur ekki undir ákvæði laganna.

Við umhverfismat er horft til möguleikanna:

Valkostur A – fjölgun efnistökusvæða.

Valkostur B – engar frekari efnistaka en þegar er skilgreind í aðalskipulagi.

Í gildandi aðalskipulagi er umhverfisþættir sem lagðir eru til grundvallar: Samfélag; Náttúrufar; Heilsa og vellíðan; Byggð og efnisleg verðmæti.

Helstu einstakir þættir sem breytingartillagan er talin hafa áhrifa á og teldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru: framkvæmdir við efnistöku; umferð og annað ónæði tengt framkvæmdum; uppbygging innviða sem afleiðing af efnistöku og áhrif þeirra á grunnkerfi/samgöngur; áhrif á gróðurfar; rask fornminja.

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er gerður samanburður á áhrifum út frá eftirfarandi:

- + Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- 0 Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um grunnkerfi	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	+	+

Breytingin styður við umhverfismat stefnumið varðandi grunnkerfi sveitarfélagsins og styrkir samfélagsleg, heilsu og vellíðan og byggð og efnisleg verðmæti með jákvæðri uppbyggingu innviða í grunnkerfi sveitarfélagsins, íbúum og atvinnulíf til verulegra hagsbóta.

Neikvæð áhrif á náttúru verði lámörkuð með góðri umgengni og markvissum vinnubrögðum við umferð um og frágang eftir notkun.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um samgöngur	Samfélag	Náttúrufar	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	+	-	+	+

Breytingin styður við umhverfismat stefnumiða aðalskipulagsins um samgöngur, s.s. bætta samgöngur til og frá sveitarfélaginu, bundið slitlag auk þess að styðja umhverfisviðmið þátta sem tengjast samfélagi, heilsu og vellíðan og byggð og efnislegum verðmætum.

Áhrif sömu stefnumiða á náttúrufer er neikvæð þar sem vegagerð mun alltaf skerða gróðurlendi. Gerð er krafa um mótvægisáðgerðir af hálfu framkvæmdaraðila.

Góðar samgöngur auka lífsgæða og hefur bein jákvæð áhrif á umhverfisþætti samfélags og byggðar og efnislegra verðmæta.

	Umhverfisþættir			
Umhverfismat stefnumiða um efnistöku	Samfélag	Náttúrufer	Heilsa og vellíðan	Byggð og efnisleg verðmæti
Almenn stefnumið	0	-	0	+

Stefna aðalskipulagsins er ekki talin hafa teljandi umhverfisáhrif á viðmið sem varða samfélag og heilsu og vellíðan. Efnistakan er fremur óveruleg og eðlileg að magni miðað við framkvæmdir og uppbyggingu á svæðinu.

Öll efnistökusvæði skal umgangast með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Áhrif á náttúrufer á svæðunum má telja neikvæð en þar sem um er að ræða svæði þar sem náttúruleg gróðurþekja hefur áður verið rofin, og ekki er um umfangsmikil, gróðurmikil eða viðkvæm svæði að ræða, eru þau talin fremur óveruleg.

Gæta þarf að fornminjum og mögulegu raksi þeirra. Upplýst vinnubrögð við efnistöku munu draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum efnistökkunnar á fornminjar.

Umhverfisáhrif efnistöku styða viðmið sem varða byggð og efnisleg verðmæti.

Niðurstaða.

Valkostur A – fjölgun efnistökusvæða. Tillagan styður stefnu gildandi aðalskipulags og hefur jákvæð eða ekki teljandi áhrif á Samfélag, Heilsu og vellíðan, Byggð og efnisleg verðmæti. Tillagan hefur neikvæð en ekki talin teljandi áhrif á Náttúru.

Valkostur B – engar frekari efnistaka. Þar sem innviðir samgangna þarfnast uppbyggingar og aðrir valkostir til efnistöku til uppbyggingar nauðsynlegra samgangna ekki til staðar í sveitarfélaginu er slíkur kostur talin munu hafa verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir Samfélag, Heilsu og vellíðan, Byggð og efnisleg verðmæti. Jákvæð áhrif á Náttúru.

Ekki er talin þörf fyrir skilyrðum vegna deiliskipulagsgerðar.

Vanda skal til framkvæmda til að lámarka neikvæð umhverfisáhrif.

Gæta skal að þekktum fornleifum og fara eftir ákvæðum 2. Mgr. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

4 FRAMSETNING SKIPULAGSGAGNA

Lagður er fram breytingaruppdráttur á aðalskipulagi ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu.

4.1 SAMRÁÐ OG KYNNINGAR

Vegna eðlis verkefnisins og mögulegra áhrifa á íbúa og fyrirtæki á svæðinu hefur verið leitað samráðs vegna skipulagslýsingar og við undirbúning aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagslýsing var kynnt auglýst og kynnt fyrir almenningi, sbr. gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð í staðarblaðinu Skeglunni og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Leitað var umsagnar eftirfarandi aðila vegna skipulagslýsingar:

- Skipulagsstofnunar
- Minjastofnunar Íslands
- Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra
- Náttúrufræðistofnunar
- Umhverfisstofnunar
- Vegagerðarinnar

4.2 UMSAGNIR

Umsagnar og helstu ábendingar og viðbrögð við þeim:

Skipulagsstofnun – barst 15.08.2018

Helstu athugasemdir eru:

- Endurskoða ætti kafla um efnistöku í gildandi aðalskipulagi og rökstyðja þörf fyrir fleiri efnistökusvæði og setja fram umhverfismat breytingarinnar.
- Númer náma verði aðlöguð að gildandi skipulagi og uppdráttur nr. 33 uppfærður samhliða.
- Uppfæra þarf töflu á bls. 177 í greinargerð gildandi aðalskipulags.
- Bent er á ákvæði um tilkynningarskyldu vegna efnistöku eða haugsetningar samkvæmt tölulíð 2.02 í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.
- Samræma við gildandi aðalskipulag með styttri texta.
- Gera grein fyrir samræmi við markmið í 2. Kafla Landsskipulagstefnu 2015-2026.
- Bent á ákvæði um kynningu samanber grein 4.6.1 í skipulagsreglugerð.
- Bent á að taka þurfi svæðin úr landbúnaðarnotum fyrir lokaafgreiðslu.

Viðbrögð:

- Kafli um efnistöku hefur verið endurskoðaður, rökstuðningur ítrekaður og sett fram umhverfismat.
- Númer náma hafa verið aðlöguð og uppdrættir og töflur uppfærð.
- Texti varðandi samræmi við aðalskipulag hefur verið stytur og settur fram með hnitmiðaðri hætti.
- Gerð er grein fyrir samræmi við Landsskipulagstefnu.

- Tillagan hefur legið frammi á skrifstofu Langanesbyggðar á vinnslutíma.
- Land sem fellur undir efnistöku mun verða tekið úr landbúnaðarnotum fyrir lokaafgreiðslu.

Minjastofnun Íslands – barst 17.09.2018

Helstu athugasemdir eru:

- Minjavörður aflaði frekari upplýsinga frá Vegagerðinni, kannaði svæðin á vettvangi og ræddi við heimildarmann.
- Engar fornminjar eru þekktar við efnistökusvæði N9-N12.
- Tóftir Grísakots eru staðsettar skammt frá efnistökusvæði N8 við Hölná. Mynd er sýnir afstöðu lögð fram. Tryggja þarf að fornleifar raskist ekki verði náman opnuð á ný, hvorki af námuvinnslu eða vangá þegar ekið er um svæðið.
- Gera þarf grein fyrir umfangi þess svæðis sem verður fyrir raski og hvort gróðurþekja verður rofin eða bara unnið í röskuðu landi.
- Vakin athygli á 2.mgr. 24. Gr. Laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Viðbrögð:

- Við efnistöku verði þess sérstakleg gætt að lámarka allt rask á landi þ.m.t gróðurþekju og gæta að fornminjum, sýnilegum sem og þeim sem kunna að leynast í landinu.
- Efnistökusvæðin eru öll staðsett í áður röskuðu svæði og því ekki gert ráð fyrir raski á náttúrulegri gróðurþekju.
- Stærð efnistökusvæða og magn efnisnáms fellur ekki undir umhverfismat framkvæmda. Sjá áætlaðar tölur efnisnáms og stærð rasksvæðis hvers svæðis í töflu á blaðsíðu 4 sem og á breytingaruppdrætti. Sjá einnig séruppdrátt vegna efnistökusvæðis N8 á bls. 5.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra – barst 10.08.2018

Helstu athugasemdir eru:

- Mikilvægt að komi fram hvenær efnistöku líkur.

Viðbrögð:

- Gert er ráð fyrir að námurnar verði opnar um óskilgreindan tíma vegna uppbyggingar og viðhalds vega í sveitarfélaginu.

Náttúrufræðistofnun – barst 21.08.2018

Helstu athugasemdir eru:

- Samkvæmt skoðun Náttúrufræðistofnunar er allar efnisnámunar sem tillagan nær til á svæðum sem hefur verið raskað með efnistöku. Engar nýju námurnar eru innan friðlýsts svæðis eða annara svæða á náttúruminjaskrá.
- Uppfæra þarf tilvísanir í lög og hvernig leiðbeiningar um almenn markmið um náttúruvernd sem þar eru .
- Skipulagsvinna byggir á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarnir og alltaf sé leitað leitað til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Viðbrögð:

- Tilvitnanir í lög hafa verið uppfærðar og vísanir í markmið yfirfarnar.
- Tekið verði sérstakt tillit til ábendinga varðandi aðgát vegna neikvæðra áhrifa á náttúru við frekari rannsóknir og framkvæmdir á efnistökusvæðunum.

Umhverfisstofnun – barst 11.09.2018

Helstu athugasemdir eru:

- Stofnunin gerir ekki athugasemdir við breytinguna en bendir á leiðbeiningar um efnistöku og frágang á vefsíðunni www.namur.is

Vegagerðin – barst 29.08.2018

Helstu athugasemdir eru:

- Ekki efnislegar athugasemdir en bent á misræmi í númeringu á milli kafla í skipulagslýsinu.

Umsagnir aðila eru í viðhengi.

Tillaga þessi að breytingu á aðalskipulagi verður send öllum sömu aðilum til umsagnar.

Skipulagslýsing ásamt frumtillögu og síðar tillaga að breytingu aðalskipulags liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem hægt er að fá svör við spurningum og koma fram ábendingum og athugasemdum. Tillagan er jafnfram aðgengileg á vef sveitarfélagsins.

4.3 TÍMAÁÆTLUN

Eftirfarandi eru drög að tímaáætlun skipulagsferils aðalskipulagsbreytingarinnar, birt með fyrirvara um breytingar:

Febrúar 2019

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til athugunar.

Mars 2019

Sveitarstjórn auglýsir tillögu að breyttu aðalskipulagi í fjölmiðlum. Kynningartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur.

Apríl 2019

Skipulagstillögurnar tekin til umfjöllunar í skipulags- og umhverfisráði og sveitarstjórn. Afstaða tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir send þeim sem þær gerðu. Niðurstaða auglýst.

Samþykkt aðalskipulag og deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. Skipulagsstofnun staðfestir skipulögin innan 4 vikna frá því að uppdráttur berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.

5 UMSAGNIR



HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Kt. 470199-2029 · Akureyrardeild · Furuvellir 1 · 600 Akureyri · Sími: 462 4431 · Fax: 461 2396 · Netfang: hne@hne.is
Húsavíkurdeild · Hafnarstétt 3 · 640 Húsavík · Símar: 464 2690 og 898 8340 · Netfang: oggi@hne.is

Langanesbyggð
Halldór Jóhannsson
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Efni: Skipulagslýsing: Breyting á aðalskipulagi Langnesbyggðar 2007-2027. Efnistökusvæði.

Vísað er til erindis Langnesbyggðar frá 7. ágúst sl. hvar óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um ofangreint erindi.

Fram kemur að markmið fyrirhugaðra breytinga sé að koma til móts við óskir Vegagerðarinnar til að bæta aðgang að efni til viðhalds og uppbyggingar vega í sveitarfélaginu. Afar mikil þörf er á að bæta vegasamgöngur innan sveitarfélagsins og því afar mikilvægt að fullnægjandi efnisnámur séu til staðar til að mæta þörfum Vegagerðarinnar.

Um er að ræða efnistöku úr fimm námum þar sem gert er ráð fyrir mismiklu magni, frá 10.000-22.000 m². Mesta magn efnis fellur því ekki undir umhverfismat framkvæmda sem er 25.000 m².

Fram kemur í lýsingu að öll svæðin sem breytingin tekur til hafa áður verið notðu til efnistöku eru þegar röskuð og umhverfislega og náttúrufarslega séð áhrif efnistöku talin óveruleg.

Einnig kemur fram að lögð verði áhersla á góða umgengni við efnisnámur og þegar þær verða fullnýttar verður þeim lokað með jarvegsþekju og uppgræðslu. Ekki kemur fram hvenær gert er ráð fyrir að efnistöku ljúki og telur HNE mikilvægt að það komi fram.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerir að öðru leyti ekki athugasemd við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllt


Þorkell Björnsson
heilbrigðisfulltrúi

Re: Langanesbyggð - skipulagslýsing - ósk um umsögn.

1 message

Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
To: Halldór Jóhannsson <halldor@arcticportal.org>
Cc: langanesbyggd@langanesbyggd.is

21 August 2018 at 10:38

Tilvísun í mál: 2018080003

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Langanesbyggð, dags. 3. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Um er að ræða breytingar sem eingöngu varða fjölgun efnisnáma vegna óska Vegagerðarinnar.

Samkvæmt skipulagslýsingunni og samkvæmt skoðun Náttúrufræðistofnunar á loftmyndum eru allar efnisnámurnar sem óskað er eftir að staðfesta í aðalskipulagi nú þegar á svæðum sem hefur verið raskað með efnistöku. Engar nýju námanna eru innan friðlýsts svæðis eða annarra svæða á náttúruminjaskrá.

Í kafla 2.2.1.1 Efnistökusvæði er fjallað um stefnumið og leiðir að stefnumiðum. Í kaflanum er vísað í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og einnig er vísað í skipulag- og byggingarlög nr. 73/1997. Bæði þessi lög eru fallin úr gildi og réttara er því að fjalla um þessi atrið í samræmi við m.a. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákvæða í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sjá hér að neðan.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is



From: Halldór Jóhannsson <halldor@arcticportal.org>

Date: 08/03/2018 01:38:53 PM

To: ni@ni.is

Subject: Langanesbyggð - skipulagslýsing - ósk um umsögn.

Góðan daginn.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 31.07.2018 að kynna skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.

Breytingin er vegna fjölgunar efnistökusvæða til viðhalds og uppbyggingar vega í sveitarfélaginu.

Skipulagslýsingin er hér í viðhengi.

Fyrir hönd sveitarfélagsins er óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsinguna.

Bestu kveðjur

Halldór

Halldór Jóhannsson

Executive Director

Arctic Portal - Teikn á lofti

www.arcticportal.org

Skipagata 12 - 600 Akureyri

Tel: +354 461 2800 / Gsm + 354 899 2828

Iceland

halldor@arcticportal.org

Langanesbyggð

Fjarðavegi 3
680 Þórshöfn



Reykjavík, 15. ágúst 2018

Tilvísun: 201808004 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar vegna fjölgunar efnistökusvæða

Langanesbyggð hefur, með erindi dags. 3. ágúst 2018, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. ágúst 2018, vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Samþykkt var í skipulagsnefnd 27. júlí og í sveitarstjórn 31. júlí 2018 að kynna lýsinguna.

Að ósk Vegagerðarinnar stendur til að fjölga um 5 efnisnámur (E1-E5) í sveitarfélaginu vegna viðhalds og uppbyggingar vega þar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem skoða þarf nánar við mótun tillögu og umhverfismat hennar:

Efnistöku, framsetning og umhverfismat

Að mati stofnunarinnar getur verið ástæða til að endurskoða kaflann um efnistöku á bls. 134-136 í gildandi aðalskipulagi þar sem stór hluti kaflans eru tilvísanir í lög eða reglugerðir sem fallin eru úr gildi, s.s. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Í tillögunni þarf að rökstyðja þörfina fyrir fleiri efnistökusvæði en þegar eru skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Jafnframt þarf að setja fram umhverfismat breytingarinnar, sbr. grein 4.4.1 í skipulagsreglugerð.

Í gildandi aðalskipulagi eru skilgreind 11 efnistökusvæði merkt með ljósbrúnu hringtákn, N og hlaupandi númeri frá N1 upp í N11. Flest eru svæðin á vegum Vegagerðarinnar. Í lýsingunni eru nýju svæðin merkt með brúnu hringtákn en númeruð E1-E5. Skipulagsstofnun bendir á að nýju efnistökusvæðin skal tákna á sama hátt og þau sem fyrir eru í gildandi skipulagi og númera þau N12-N16. Á korti 33 í gildandi aðalskipulagi er uppdráttur og tafla yfir efnistöku- og sorpurðunarsvæði í sveitarfélaginu, númer þeirra og staðsetningu. Nýju námurnar kalla á breytingu bæði á uppdrættinum og töflunni.

Stofnunin bendir á að samkvæmt staflið c í grein 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal í aðalskipulagi setja fram stefnu um efnistöku, efnislosun og urðun úrgangs og gera m.a. grein fyrir umfangi og efnismagni (m^2 og m^3) hvernar námu. Þessar upplýsingar koma fram í landnotkunartöflu efnistöku- og efnislosunarsvæða í kaflanum „Ítarefni“ á bls. 177 í greinargerð gildandi aðalskipulags. Tillagan kallar á innsetningu nýju efnistökusvæðanna í þá töflu.

Bent er á að „efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum“ er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulíð 2.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og að „efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en

25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m³ er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins samkvæmt tölulið 2.04 í sama viðauka.

Tengsl við aðrar áætlanir

Í kafla 2.2 í lýsingu og undirköflum hans þar sem gerð er grein fyrir samræmi fyrirhugaðrar tillögu við stefnu gildandi aðalskipulags eru teknir upp heilir kaflar úr gildandi aðalskipulagi, s.s. kaflinn um efnistökusvæði. Að mati Skipulagsstofnunar ætti í tillögunni að setja fram styttri og hnitmiðaðri rökstuðning fyrir samræminu. Gera þarf grein fyrir samræmi breytingartillögunnar við markmið í 2. kafla Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Samráð og kynning

Í kafla 3.1 í lýsingu er vísað til kynningar fyrir almenning, sbr. grein 5.6.1 í skipulagsreglugerð. Stofnunin bendir á að kynning aðalskipulagsbreytingar á vinnslustigi fellur undir grein 4.6.1 í skipulagsreglugerð. Minnt er á að upplýsingar um kynningu lýsingar og vinnslutillögu ásamt afritum af umsögnum og upplýsingum um viðbrögð sveitarstjórnar við þeim þurfa að fylgja tillögunni þegar hún kemur til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu.

Fram kemur að fyrirhuguð efnistökusvæði eru öll á svæðum sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði. Bent er á að leita þarf leyfis landbúnaðarráðherra til að breyta landbúnaðarsvæði í aðra landnotkun þar sem landbúnaðarland í sveitarfélaginu hefur ekki verið flokkað, sbr. 6. gr. jarðalaga og þarf það að fylgja með við lokaafgreiðslu.


Guðrún Halla Gunnarsdóttir



Langesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



Reykjavík 11. september 2018
UST201808-017/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Langesbyggðar 2007-2027 – breyting

Vísað er til erindis sveitarstjórnar Langesbyggðar sem barst 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í lýsingu kemur fram að vegna viðhalds og uppbyggingar vega innan sveitarfélagsins óskar Vegagerðin eftir fjölgun efnisnáma í sveitarfélaginu. Um er að ræða fimm efnisnámur á svæðum sem hafa áður verið notuð til efnistöku og eru þegar röskuð. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu, en stofnunin vill benda á að við frágang umrædda námusvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem nálgast má á vefsíðunni namur.is.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Arctic Portal
Halldór Jónsson
Skipagata 12
600 Akureyri

17. september 2018
MÍ201808-0006/ 6.08 / R.L.

Efni: Aðalskipulag Langanesbyggðar - breyting vegna fimm efnistökusvæða

Með tölvupósti þann 3. ágúst 2018 óskaði Halldór Jónsson hjá Arctic Portal, fyrir hönd Langanesbyggðar, eftir umsögn minjavarðar um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, dagsett í ágúst 2018. Breytingin er vegna fimm efnistökusvæða til viðhalds og uppbyggingar vega í sveitarfélaginu. Námurnar eru skilgreindar af Vegagerðinni og hafa allar verið nýttar áður, þær kallast:

- E1 – austan Hölnár
- E2 – Miðfjörður 1
- E3 – Miðfjörður 2
- E4 – Saurbæjarháls
- E5 – Sauðanesháls

Minjavörður aflaði frekari upplýsinga frá Vegagerðinni, kannaði svæðin á vettvangi og ræddi við heimildamann.

Skammt frá efnistökusvæði E1 austan Hölnár eru tóftir Grísakots. Á meðfylgjandi yfirlitsmynd má sjá afstöðu milli þekktra fornleifa á svæðinu og áætluðu umfangi námunnar skv. heimildum frá Vegagerðinni. Vegur að námunni liggur milli tófta Grísakots. Minjastofnun vekur athygli á því að um friðaðar menningarminjar er að ræða sem óheimilt er að raska skv. 3., 5. og 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Tryggja þarf í tillögu að aðalskipulagsbreytingu að fornleifar raskist ekki verði náma E1

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Rúnar Leifsson

Minjavörður Norðurlands
eystra
runar@minjastofnun.is

opnuð á ný, hvorki af námuvinnslu né af vangá þegar ekið er um svæðið.

Engar fornleifar eru þekktar á eða í næsta nágrenni við efnistökusvæði E2, E3, E4 og E5.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu þarf að gera grein fyrir umfangi þess svæðis sem verður fyrir raski á hverju efnistökusvæði og hvort gróðurþekja verði rofin eða bara unnið í þegar röskuðu landi.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi skal koma til umsagnar hjá Minjastofnun Íslands

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Rúnar Leifsson

Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent: Skipulagsstofnun. sveitarstjóri Langanesbyggðar

Halldór Jóhannsson, f.h. sveitarfélagsins
Langanesbyggðar
Skipagata 12
600 Akureyri



Akureyri, 29. ágúst 2018
Tilvísun: 2018080049
MST/
Tilv. ykkar:

Efni: Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, efnistökusvæði -umsögn

Vegagerðin hefur yfirfarið skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 sem barst til umsagnar þann 28.08.2018.

Vegagerðin bendir á í kafla 1.2 er náma E2 Miðfjörður 1 og E3 Miðfjörður 2 sem er öfugt við kafla 2.1 þar sem náma E2 er Miðfjörður 2 og E3 er Miðfjörður 1. Mynd 1 undir kafla 1.2 samræmist námunúmerum í kafla 2.1.

Vegagerðin gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna, en ítrekar mikilvægi þess að ekki verði tafir á framlagðri tímaáætlun skipulagsbreytingarinnar þar sem þær geta annars haft í för með sér tafir á uppbyggingu samgöngumannvirkja sem stefnt er að í náninni framtíð.

Virðingarfyllst,

Margrét Silja Þorkelsdóttir